

Mánudaginn 12. september 1994 kl. 12:15

**36. fundur samkeppnisráðs**

**Ákvörðun nr. 28/1994.**

**Kvörtun rækjubátaeiganda við Húnaflóa**  
**vegna meintra samkeppnishindrana**

**I**

**Efni kvörtunar**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 14. október 1993, frá Gunnari Jóhannssyni útgerðarmanni, en í því kvartar Gunnar yfir samráði rækjuvinnslustöðva við Húnaflóa um verðlagningu á innfjarðarrækju. Kveður hann vinnslueigendur hafa ákveðið á fundi í Staðarskála að greiða sama verð fyrir innfjarðarrækjuna og á síðustu vertíð og tilkynnt það rækjusjómönnum sem róa frá verstöðvum við Húnaflóa.

Gunnar fer þess jafnframt á leit að kannað verð lögmati þess að honum sé gert að landa kvótanum, sem honum hefur verið úthlutað, hjá rækjuvinnslum Kaupfélags Steingrímsfjarðar á Hólmavík og Drangsnesi.

Í erindinu kemur einnig fram að verð á rækju hafi verið gefið frjálst fyrir nokkrum árum. Fram til þess tíma ákvarðaði Verðlagsráð sjávarútvegsins lágmarksverð á innfjarðarrækju. Allt öðru máli gegni um verðlagningu úthafs rækju. Þar sé verðlagning raunverulega frjáls og bátum heimilað að landa afla sínum þar sem þeim hentar. Verðmunur á innfjarðar- og úthafs rækju getur, að sögn Gunnars Jóhannessonar, verið allt að 40%.

**II**

**Athugun á kvörtunarefni**

Kvörtunarefni Gunnars Jóhannessonar er tvíþætt og varðar annars vegar meint samráð rækjuvinnslustöðva við Húnaflóa um verðlagningu á innfjarðarrækju og hins vegar lögmati þess að honum er gert að landa hjá rækjuvinnslum Kaupfélags Steingrímsfjarðar á Hólmavík og Drangsnesi.

## Verðsamráð

Samkeppnisstofnun sendi öllum fjórum rækjuvinnslustöðvunum við Húnaflóa bréf Gunnars til umsagnar. Í svarbréfum frá tveimur þeirra kemur m.a. fram að sú venja hafi skapast hjá framkvæmdastjórum rækjuvinnslna við Húnaflóa að hittast tvisvar til þrisvar á ári og ætíð fyrir eða í upphafi veiðitíma innfjarðarrækju. Á þessum fundum eru rædd ýmis mál s.s. afköst, vinnulaunakostnaður, hráefnisverð, hráefnisnýting, flutningsgjöld, flokkun rækju, söluverð og ótal margt fleira.

Einnig kemur fram hjá framkvæmdastjórum rækjuvinnslustöðvanna tveggja að útgerðarmenn hafi sjálfir óskað eftir umræddum fundi í Staðarskála til að ræða um hráefnisverð og að þeir hafi fallist fúslega á það. Á þessum fundi lögðu fulltrúar útgerðarmanna sameiginlega fram skriflega tillögu um verulega hækkun á hráefnisverði en fundinum lauk án samkomulags.

Samkeppnisstofnun hafði samband við vinnslustöðvar við Húnaflóa og kom í ljós að þær greiða allar sama verð fyrir innfjarðarrækju, en það er sem hér segir:

Undir 200stk.	-	75 kr. fyrir kg.
201-230 stk.	-	70 kr. fyrir kg.
231-260 stk.	-	62 kr. fyrir kg.
261 - 290 stk.	-	57/58 kr. fyrir kg.
291 - 350 stk.	-	50 kr. fyrir kg.
351 <	-	27 kr. fyrir kg.

Samkeppnislög taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Í 10.gr. kemur m.a. fram að samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á verð. Af þessu má sjá að verðsamráð er bannað og skiptir ekki máli hvor aðilinn á hugmyndina að því, kaupandi eða seljandi.

### Lögmæti skyldu til löndunar

Lög um samræmda vinnslu sjávaraflla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, nr. 12/1975, taka til rækjuvinnslu og útgerðarbáta við Húnaflóa. Í 1.gr. þeirra laga kemur fram að sjávarútvegsráðuneytið getur sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðla að samræmingu milli veiðiheimilda skv. sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

Í greinargerð með þessum lögum kemur fram að: "...veiðar á ýmsum tegundum sjávarafurða eru eins og kunnugt er háðar sérstökum leyfum sjávarútvegsráðuneytisins. Hefur ásókn í slík leyfi, einkum skelfisk- og alveg sérstaklega rækjuveiðileyfi á mörgum veiðisvæðum, verið mun meiri en æskilegt hefur þótt. Hefur ráðuneytið því oft þurft að ákveða reglur til takmörkunar bæði á afla og sókn í þessar veiðar. Þá hefur þess oftast verið krafist í leyfisbréfum til rækju- og skelfiskveiða á ákveðnum svæðum, að afli sé unninn í viðurkenndri vinnslustöð á viðkomandi svæði. Loks eru að finna í flestum veiðileyfum ákvæði um einhvers konar aflatakmarkanir til verndunar þeim stofni, er leyfið heimilar veiðar á..... Mikil þörf er á samræmingu veiðiheimilda og vinnslugetu viðkomandi greina þar sem afla- og sóknartakmarkanir hljóta að hafa bein áhrif á eðlilega vinnslugetu í landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leita skuli leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til þess að koma á fót vinnslustöðvum fyrir rækju og skelfisk. Þrátt fyrir þetta þykir nauðsynlegt að veita ráðuneytinu heimild til þess að sporna gegn því, að vinnslustöðvar geti haft of mikil áhrif á sóknina með óhóflegri samkeppni um hráefnið, og þess vegna er tilkomið ákvæði 1.gr. um heimild ráðuneytisins til skiptingar afla milli vinnslustöðva. Þykir eðlilegt að treysta því að ráðuneytið beiti heimild þessari af varfærni þannig, að ekki verði um óeðlilega mismunun að ræða. Sama má segja um skiptingu heildarafla milli þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta, en ráðuneytið hefur nú um nokkurt skeið talið nauðsynlegt að setja ýmsar reglur um ákveðna hámarksveiði einstakra báta, án þess að slíkt hafi sætt andmælum viðkomandi aðila".

Sjávarútvegsráðuneytið veitir leyfi til vinnslu í skel og hörpuðisk auk þess sem veiðileyfi bátanna eru bundin skilyrðum um löndun aflans á ákveðnum stöðum.

Úthafs-rækjuveiðar hófust seinna en lög nr. 12/1975 tóku gildi og eru þær háðar öðrum reglum en þar eru settar. Lög um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, er varða sjávarútveg og vinnslu sjávarafla, hafa ekki verið endurskoðuð með tilliti til nýrri laga.

Samkeppnisstofnun sendi sjávarútvegsráðuneytinu bréf Gunnars Jóhannssonar til umsagnar og kom fram í svari ráðuneytisins að ákveðið hafi verið að falla frá skiptingu heildarrækjuaflans milli einstakra rækjuvinnslna við Húnaflóa frá og með næsta fiskveiðiári. Jafnframt verði fallið frá skilyrði í veiðileyfum báta um löndun í tiltekinni höfn. Ákvörðun ráðuneytisins var tilkynnt öllum hlutaðeigandi aðilum. Samkeppnisstofnun lét gera greinargerð um málið dags. 1. ágúst og óskaði eftir umsögn ráðuneytisins. Í umsögn sinni áréttar ráðuneytið að fallið hafi verið frá því skilyrði í veiðileyfum báta við Húnaflóa að afla þeirra sé landað á tilteknum stað eða hjá tiltekinni vinnslu.

### III

#### Niðurstaða

##### 1.

Í bréfum frá framkvæmdastjórum rækjuvinnsla við Húnaflóa kemur fram að þeir hittist reglulega til að ræða m.a. hráefnisverð, hráefnisnýtingu og söluverð á rækju.

Enda þótt rækjuvinnslustöðvar við Húnaflóa hafi haft með sér verðsamráð þykir ekki efni til að lýsa samráð þeirra ógilt á grundvelli 49.gr. samkeppnislaga. Rökin eru þau að á meðan sjávarútvegsráðuneytið beitti heimild í 1.gr. laga nr. 12/1975 til að skipta afla á milli rækjuvinnslustöðva og/eða þeirra báta sem veiðileyfi hljóta, var í raun ekki svigrúm til frjálstrar verðsamkeppni þar sem veiðileyfi bátanna er skilyrt að því er varðar löndunarstað.

Þar sem sjávarútvegsráðuneytið hefur nú fallið frá því skilyrði í veiðileyfum báta við Húnaflóa að afla þeirra sé landað á tilteknum stað eða hjá tiltekinni vinnslu vekur Samkeppnisráð athygli á því að allt samráð um verðlagningu á rækju er bannað sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 hvort heldur kaupendur eða seljendur rækju eiga í hlut.

## 2.

Það er mat Samkeppnissráðs að það geti strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og torveldað frjálsa samkeppni í viðskiptum með innfjarðarrækju og geti enn fremur komið í veg fyrir að eðlileg verðsamkeppni myndist milli vinnslustöðva þegar sjávarútvegsráðuneytið beitir heimildum í l. nr. 12/1975 með þeim hætti sem hann gerði til loka síðasta fiskveiðárs. Greinargerð með frumvarpi til umræddra laga styður þetta enn frekar svo og sú staðreynd að í yngri lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og reglum um úthafs-rækjuveiðar er fallið frá því fyrirkomulagi sem sett var með lögum nr.12/1975, um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum. Hins vegar hefur nú komið fram í bréfum sjávarútvegsráðuneytisins, að fallið hafi verið frá skiptingu heildarrækjuaflans milli einstakra vinnsla við Húnaflóa og frá skilyrði í veiðileyfum báta um löndun í tiltekinni höfn frá og með því fiskveiðiári sem hófst 1. september sl. Eftir sem áður er framkvæmd laganna varðandi útgáfu veiðileyfa háð mati ráðherra á hverjum tíma. Þessi ákvörðun ráðuneytisins breytir því ekki að heimildarákvæði 1.gr. laga nr. 12/1975 geti strítt gegn markmiði samkeppnislaga.

### Ákvörðunarorð:

**"Með vísan til þess að þær samkeppnishindrandi aðstæður sem Gunnar Jóhannesson útgerðarmaður kvartaði yfir eru ekki lengur til staðar telur Samkeppnissráð ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna kvörtunarinnar. "**